REGLUR

um garðsláttuvélar og einöxla garðyrkjuvélar.

1. gr.
Gildissvið.

1.1. Reglur þessar gilda um vélknúnar garðsláttuvélar og einöxla garðyrkjuvélar sem ætlaðar eru til notkunar á vinnustöðum sem lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum gilda um. Reglurnar gilda jafnframt um vélknúnar garðsláttuvélar og einöxla garðyrkjuvélar sem seldar eru eða leigðar jöfnum höndum til notkunar við atvinnurekstur og einkanota almennings séu þær ekki háðar öðrum lögum eða reglum.

1.2. Reglurnar gilda ekki um almennar landbúnaðarvélar, sem dregnar eru af landbúnaðardráttarvélum. Þær gilda heldur ekki um vélar sem þarf að halda á lofti við notkun. Um slíkar vélar, sem reglurnar fjalla ekki um, gilda almennar reglur um öryggisbúnað véla eða sérreglur um einstakar gerðir eða vélaflokka.

2. gr.
Skilgreiningar.

2.1. *Sláttuþyrla* er garðsláttuvél með einum eða fleiri láréttum hnífum sem snúast með lóðréttum öxli.

2.2. *Valssláttuvél* er garðsláttuvél með einum eða fleiri hnífavölsum sem snúast upp við fast skurðarstál.

2.3. *Sláttutætari* er garðsláttuvél með hnífana hengda á láréttan öxul eða kefli.

2.4. *Svifsláttuþyrla* er sláttuþyrla sem helst svífandi á lofti af blásara tengdum aflvél.

2.5. *Einöxla garðyrkjuvél* er drifbúin garðyrkjuvél á einum hjólaöxli. Við vélina er hægt að tengja ýmsan búnað eða tæki sem ætluð eru til nota við garðyrkjustörf.

3. gr.
Almenn ákvæði.

3.1. Nauðsynlegar öryggis- og notkunarleiðbeiningar á íslensku skulu fylgja með vélknúnum garðsláttu- og garðyrkjuvélum þegar þær eru seldar eða afhentar. Í leiðbeiningunum skal m.a. koma fram að börn innan 14 ára aldurs megi ekki ráða til þeirra starfa sem fela í sér stjórnun á hættulegum vélknúnum garðsláttu- eða garðyrkjuvélum (sbr. gr. 3.3.).

3.2. Atvinnurekandi skal sjá um að starfsmenn, sem eiga að stjórna vélknúnum garðsláttu- eða garðyrkjuvélum, fái nauðsynlega kennslu og þjálfun í meðferð þeirra og séu upplýstir um þær hættur sem geta fylgt notkun þeirra.

3.3. Börn innan 14 ára aldurs má ekki ráða til þeirra starfa sem fela í sér stjórnun á hættulegum vélknúnum garðsláttu- eða garðyrkjuvélum.

3.4. Vélar þær sem reglur þessar gilda um skulu þannig úr garði gerðar að þær valdi eins litlum hávaða og kostur er.
Sá sem framleiðir eða selur vél, sem hér um ræðir, skal geta látið í té upplýsingar um hávaða þann sem hún gefur frá sér.
Ef hávaði frá vélinni er yfir 85 dB (A) skal vera á henni greinileg viðvörunarmerking um að nauðsyn beri til að nota heyrnarhlífar.

3.5. Útblástursgasi frá vél, sem knúin er af brennsluhreyfli, skal beint frá stjórnanda hennar og þess gætt að það valdi eins lítilli mengun og framast er kostur.
Útblásturspípu og hljóðdeyfi skal eins og framast er kostur komið þannig fyrir eða búa þannig hlífum að komið sé í veg fyrir að stjórnandi snerti heita fleti við eðlilega notkun vélarinnar.

3.6. Handfang á ræsisnúru, sem dregst sjálfkrafa til baka, skal eins og framast er kostur vera þannig úr garði gert að það valdi ekki fingurmeiðslum þótt bakslag verði í vélinni. Skarpar brúnir og horn skulu ekki vera nálægt þeim ferli sem ræsisnúran er dregin eftir.

3.7. Vélin skal búin tryggum hlífum yfir þá vélahluta sem með hreyfingu sinni gætu valdið skaða við snertingu. Hlífar skulu tryggilega festar en auðvelt að losa þær þegar þess er þörf.
Ef fjarlægja þarf öryggishlífar eða öryggisbúnað vegna viðgerðar eða hreinsunar skal sá sem verkið vinnur umsvifalaust setja öryggisbúnaðinn á sinn stað aftur að verki loknu.

3.8. Vökvaþrýstilagnir skulu vera af viðurkenndri gerð og þær skulu vera þannig staðsettar og varðar að komið sé í veg fyrir eins og unnt er að vökvi geti sprautast á stjórnanda við stjórnun vélarinnar ef þær fara í sundur.

3.9. Vélar, sem hafa drif á hjólum, skulu þannig búnar að aðeins sé unnt að ræsa þær þegar tengsli aflvélar til drifhjóla, hnífa eða afluttaks er rofið.

3.10. Handföng og stjórntæki skulu þannig hönnuð og staðsett að auðvelt sé að beita þeim svo þau valdi ekki ónauðsynlegu álagi á stjórnandann.

4. gr.

Garðsláttuvélar.

4.1. Á garðsláttuvélum skal vera greinileg áletrun eða viðvörunar- merki með texta á íslensku um að snerta ekki hnífa vélarinnar þegar þeir eru á hreyfingu. Ennfremur skulu nauðsynlegar öryggis- og notkunarleiðbeiningar á íslensku fylgja vélunum þegar þær eru seldar eða afhentar (sbr. 3.gr).

4.2. Tryggilega skal gengið frá festingum hnífa og ljáa í garðsláttuvélum. Hnífar eða ljáir úr bitstáli skulu vera þannig gerðir og úr þannig efni að þeir hrökkvi ekki í sundur þótt þeir lendi á hörðum hlutum.

4.3. Garðsláttuvélar skulu búnar hlífum yfir hnífana til varnar því að steinar eða aðrir harðir hlutir kastist ekki út frá vélinni á stjórnanda hennar eða aðra nærstadda. Við eðlilega notkun skulu hlífarnar varna því að hendur eða fætur komist í snertingu við hnífa vélarinnar þegar þeir snúast.

4.4. Sé garðsláttuvél þannig gerð að hún kasti grasinu út undan sér um sérstakt op („útkastsop") skal það þannig hannað og staðsett að sem minnst hætta sé á að steinar eða aðrir harðir aðskotahlutir geti kastast í stjórnanda vélarinnar eða aðra nærstadda.

4.5. Hlífabúnaður yfir hnífum sláttuþyrlu telst fullnægjandi:
a) Þegar lárétt fjarlægð milli fram- eða afturbrúnar hlífar og hnífa er meiri en 100 mm. Fjarlægðina má í sumum tilfellum mæla að brún áfastra hluta (t.d. útbeygðra járnteina) sem festir eru á fram- eða afturhlið hlífarinnar. Þegar fjarlægð milli hlífarinnar og hnífsenda er minni en 100 mm (t.d. á hliðum sláttuþyrlunnar), þá skulu hlífar ná niður í u.þ.b. 15 mm hæð yfir grasflötina í öllum hæðarstillingum.
b) Eða þegar hnífarnir eru gangsettir með haldrofa og stöðvast innan 7 sekúndna frá því að honum hefur verið sleppt. Slíkur haldrofi getur við gangsetningu eða stöðvun virkað á rafdrifinn hemlabúnað eða hemlatengsli.

4.6. Sláttuþyrla, sem getur farið í gang eftir að hafa verið stöðvuð með því að hnífum hennar er snúið, skal vera með greinilegri viðvörunarmerkingu sem gefur það til kynna.

4.7. Rafkerfi sláttuþyrlu, sem knúin er með brennsluhreyfli, skal vera auðvelt að aftengja.

4.8. Handföng garðsláttuvéla skulu vera tryggilega fest en þó auðveld og þægileg í notkun. Þau skulu vera þannig úr garði gerð að þau hindri ekki að stjórnendur vélanna geti gengið með eðlilegri skreflengd.

5. gr.

Einöxla garðyrkjuvélar.

5.1. Handföng á einöxla garðyrkjuvélum með hjóladrifi skulu þannig hönnuð og búin að þau geti ekki skaðað stjórnendur þeirra þótt vélarnar kastist til. Handföng skal unnt að stilla og skorða eða læsa í mismunandi hæðarstillingar. Þau skulu vera það löng að ekki sé hætta á að stjórnandi vélarinnar stígi of nálægt henni eða hreyfanlegum búnaði hennar þegar gengið er með eðlilegri skreflengd.

5.2. Garðyrkjuvélar með aflflutning til hjóla og sem eru þannig búnar að unnt sé að stjórna þeim úr ekilsæti skulu vera með góðum hemlum sem auðvelt er að beita. Þessar vélar skulu einnig búnar stöðuhemli. Sé hægt að læsa akstursheimlum í hemlunarstöðu jafngildir það stöðuhemli.

5.3. Stjórntæki garðyrkjuvélar skulu þannig staðsett og úr garði gerð að ekki sé hætta á að þeim verði beitt af vangá. Þau skulu vera auðveld í notkun og eins hættulaus og framast er kostur.

5.4. Garðyrkjuvél skal vera hægt að stöðva á auðveldan hátt og skal stöðvunarrofinn falla í skorður þegar honum hefur verið beitt. Hann skal vera merktur með áletrun sem gefur stöðvun til kynna.

5.5. Aflúttak garðyrkjuvélar skal búið hlíf ásamt hólkhlíf sem umlykur hjöruliði og driföxul við allar mögulegar hreyfingar.
Sérstök hlíf skal vera um aflúttakið þegar það er ekki í notkun.

6. gr.

Tæki við einöxla garðyrkjuvélar.

6.1. *Garðtætarar* skulu búnir, eins og kostur er með tilliti til vinnsludýptar, hlífum sem hindra að farið verði í ógáti með hendur eða fætur í hnífa tætarans. Hlífarnar skulu einnig veita vörn gegn steinkasti eða öðrum hörðum hlutum úr jarðveginum.

6.2. Garðyrkjuvél tengd tætara á að vera þannig gerð að tætarinn geti ekki snúist þegar ekið er afturábak. Þessi krafa gildir þó ekki um garðyrkjuvélar búnar stjórnhandfangi með haldrofa og hnífa tætarans festa á hjólaöxulinn.

7. gr.

Gildistaka.

7.1. Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkv. heimild í 34.gr., 38. gr. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. maí 1989. Jafnframt staðfestir ráðuneytið ákvæði 1. gr. reglnanna samkvæmt 3. mgr. 3 gr. laga nr. 46/1980.

Félagsmálaráðuneytið, 24. febrúar 1989.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Óskar Hallgrímsson.